



Kópavogi, 21. apríl 2020
2002070/211.01 RH

Efni: Tillaga að aðgerðaáætlun

Sett verði viðmið um eineltisáætlanir og forvarnir þeim tengdar. Jafnframt skoðað hvað bærinn geti gert til að fræða og stuðla að forvörnum.

Þegar hefur verið gert:

- Leyfi fengið frá Skóla- og frístundasviði RVK til að nýta þeirra viðmið.
- Viðmið borin undir skólastjórnendum á rýnifundi og í kjölfarið aðlöguð fyrir Kópavog. Tilbúin eru drög til umræðu fyrir skólasamfélagið.
- Endurskoða viðmið m.t.t. upplýsinga á síðu menntamálastofnunar.
- Safnað saman öllum eineltisáætlunum skólanna.
- Óskað hefur verið eftir samstarfi um að rýna viðmið með SAMKÓP.

Vinnuferli:

- Viðmið send til skóla og óskað eftir að þau verði rýnd af nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Menntaráð rýnir viðmið.
- Vinna úr athugasemdum frá öllum hópum.
- Tillaga að viðmiðum rýnd að lokum á „kaffihúsafundi“ þar sem menntaráði, stjórn Samkóp og skólaráðum skólanna (sem í sitja fulltrúar frá nemendum, foreldrum, stjórnendum, kennurum, almennu starfsfólki) er boðið að taka þátt.
- Grunnskóladeild vinnur úr athugasemdum frá fundi og leggur fram lokatillögu fyrir menntaráð.
- Viðmið gefin út og kynnt.

Annað:

- Eineltisáætlunum verði skilað inn til menntaráðs á 4 ára fresti.
- Í starfsáætlunum skóla komi fram hvað skólar hyggjast gera til að skapa góðan skólabrag. (Samkv. 6. kafla í viðmiðum um starfsáætlanir).
- Skoða hvernig hægt er að safna tölulegum upplýsingum, hvaða upplýsingum og á hvaða formi. Tillaga lögð fyrir menntaráð á vormisseri 2023
- Sérstök síða verði á heimasíðu Kópavogs um forvarnir gegn einelti. Þegar er hafin vinna við að safna upplýsingum.

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar